

1232. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 17. ágúst 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund voru: Harpa Sævarsdóttir og Sigríður Lovísa Jónsdóttir auk Arnþórs Sigurðssonar varamanns.

Gestur fundarins var Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1231. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1231. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

a. Kynning á vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar.

Viðar Ingason hagfræðingur VR lagði fyrir fundinn til kynningar eftirfarandi skjöl: „Vorskýrsla Kjaratölfræðinefndar – kynning“, „Afkoma útflutningsgreinanna“ og „Kjaratölfræðinefnd vorskýrsla 2022“.

Ragnar Þór bauð Viðar Ingason velkominn og fór Viðar yfir helstu niðurstöður í vorskýrslu Kjaratölfræðinefndar sem gefin var út í júní 2022.

Í máli Viðars kom fram að hlutfall launa af vergum þáttatekjum á almennum vinnumarkaði er um 55% sem er í samræmi við langtímameðaltal en um 61% á vinnumarkaði í heild. Hlutfall starfandi sýnir að vinnumarkaðurinn hefur tekið vel við sér og atvinnuleysi, sem var um 5% í upphafi Covid, er nú að nálgast 3% fyrir vinnumarkaðinn í heild og 2% hjá VR. Viðar benti á að þessir mælikvarðar styðji ekki fullyrðingar atvinnurekenda um að lítið svigrúm sé til launahækkana.

Viðar fór því næst yfir vinnutíma og launakostnað. Á árunum 2010 til 2018 mældust unnar stundir á viku um 40 en mælast nú 36 – 37, vinnutímastyttingin sé að skila sér. Hvað varðar launakostnað pr. unna stund benti Viðar á að breyting á launakostnaði á Íslandi 2019 til 2021 í evrum talið sé í kringum meðaltal ESB en mun hærra ef þróunin er skoðuð í heimagjaldmiðli. Réttara sé hins vegar að skoða þróunina í evrum, einkum þegar litið er til útflutningsgreina.

Viðar fjallaði einnig um stöðu útflutningsgreina, sjávarútvegs, ál- og kísilútflutnings og ferðaþjónustu. Hann fór yfir hagnað 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna og benti á að aukning milli ára væri almennt yfir 100%. Arðsemi væri yfir 10% hjá öllum og um 20% hjá þeim stærstu. Launahlutfall í skráðum félögum í greininni væri um 20-24%.

Hvað ferðaþjónustuna varðar benti Viðar á að fjöldi erlendra ferðamanna í júlí 2022 væri 1,3% meiri en í júlí 2019. Gistinætur í júní 2022 voru 6% fleiri en í júní 2019 og herbergjanýting væri góð. Þrír helstu hagvísar ferðaþjónustu bendi til þess að staðan sé nú svipuð og 2019.

Umræður.

b. Skýrslur Þjóðhagsráðs um efnahagsmál og vinnumarkað

Stefán Sveinbjörnsson lagði fyrir fundinn skjöl til kynningar: „Skýrslur Þjóðhagsráðs – Minnisblað“ og „Svigrúm til launahækkana er á þrotum – kynning“.

Stefán benti á samantekt skýrslna Þjóðhagsráðs. Hann fór í gegnum orðræðu atvinnurekenda síðustu ár í aðdraganda kjarasamninga, að svigrúm til launahækkana sé á þrotum. Næst verði varað við of miklum launahækkunum, launakröfur hafi í för með sér háa verðbólgu, osfr.

Stefán benti á að fyrri ár hafi staða útflutningsgreinanna verið helsta röksemd gegn launahækkunum en staðan sé önnur nú, hljótt sé um stöðu greinarinnar. Svipan sem nú sé a lofti sé að launahækkningar kalli á vaxtahækkningar.

Stefán sagði veruleikann nú þann að staða fyrirtækja og hagnaður myndi það svigrúm sem er til staðar.

Viðari var þakkað hans innlegg og fór af fundi kl. 18:30.

Umræður.

3. Kröfur gagnvart stjórnvöldum vegna komandi kjarasamninga

Ragnar Þór lagði fyrir fundinn skjal til kynningar: „Drög, kröfur stjórnvöld 2022“.

Skjalið mun liggja milli funda. Ragnar sagði drög að kröfum á stjórnvöld hafa verið unnin á grundvelli könnunar meðal félagsmanna, fundar trúnaðarráðs og trúnaðarfólks og niðurstöðu þings Landssambands Ísl. verzlunarmanna, LÍV.

Ragnar sagði ljóst að félagið yrði hluti af stærri hóp þegar kemur að kröfum á stjórnvöld í komandi kjarasamningum.

Ragnar ræddi hér áfram um stöðuna í kjaramálum. Mikil aukning væri í félaginu, félagafjöldi hafi farið yfir 40 þúsund í fyrsta skipti og margt bendi til þess að aukin ásókn sé í félagið. Hann sagði herferð félagsins, „Ég bara spyr“, hafa farið vel af stað og viðbrögð hafi verið góð hvaðanæva.

Umræður.

4. Staða innan ASÍ

Ragnar Þór fór yfir umræðuna í aðdraganda og kjölfar uppsagnar Drífu Snædal sem forseta ASÍ. Hann sagði orðræðuna ekki í neinu samhengi við raunveruleikann og að samskipti hans og Drífu upp á síðkastið hafi verið lítil; stutt og praktísk. Forsetafundur hafi ekki verið haldinn lengi.

Hann sagði þau Sólveigu Önnu Jónsdóttur og Vilhjálm Birgisson hafa gagnrýnt vinnubrögð og samráðsleysi forseta ASÍ. Þau hafi m.a. ítrekað kallað eftir upplýsingum eftir fréttir af fundum Þjóðhagsráðs í aðdraganda kjarasamninga. Hann benti á að VR borgi um 170 m.kr. til sambandsins árlega og gangi út frá því að ASÍ vinni með formönnum félaga og fyrir félögin.

Að baki forsetanum fyrrverandi hafi staðið hópur sem einungis hafi um 20% vægi innan sambandsins. Hann sagði það vilja VR að efla ASÍ og auka áhrif VR. Mistök forseta hafi verið þau sömu og fyrri forseta, að taka sér aukið vald. Í stað þess að taka vilja grasrótarinnar áfram hafi hugmyndir og stefnur forseta verið settar í forgang. Reynt hafi verið að breyta þessu en án árangurs. Hann sagði niðurstöðuna dapurlega.

Ragnar Þór sagði þrýst á sig að taka slaginn um stól forseta eða að beita áhrifum á hver taki við keflinu. Hann sagðist vilja ræða hvernig fyrirkomulag sambandsins eigi að vera svo það virki sem skyldi, mögulegar breytingar á hlutverki forseta og/eða miðstjórnar. Mikil samstaða sé um að breytinga sé þörf, hópurinn sem kalli eftir breytingum innan sambandsins telji meira en 70% af sambandinu.

Umræður.

Ragnar óskaði tvívegis eftir heimild til að lengja fundinn í umræðum.

Samþykkt.

5. Kosning fulltrúa VR á ASÍ þing 10. – 12. október 2022

Ragnar Þór lagð fyrir fundinn skjal til afgreiðslu: „Minnisblað ákvörðun um kosningu fulltrúa VR á ASÍ þing 2022“.

Ragnar Þór sagði val á milli tveggja kosta, kosningu á félagsfundi eða kosningu í allsherjaratkvæðagreiðslu. Ragnar lagði til að félagið stillti upp lista og færi í allsherjaratkvæðagreiðslu ef fram kæmi mótframboð.

Umræður.

Ragnar Þór lagði tillöguna fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

6. Kynning á könnun um viðhorf til vinnunnar

Steinunn Böðvarsdóttir, starfsmaður hagdeildar VR, lagði fyrir fundinn skjal til kynningar: „Viðhorfsbreyting til vinnunnar“.

Steinunn fór yfir helstu niðurstöður tveggja kannanna félagsins um viðhorf til vinnu, einkalífs og frítíma sem voru hluti stærri könnunar VR á Fyrirtæki ársins 2012 og 2022.

Niðurstöður kannanna benda til þess að mikil breyting hafi orðið á viðhorfi svarenda til samspils vinnu og frítíma / einkalífs. Allir aldurshópar virðast setja frítíma og einkalíf ofar á listann nú en árið 2012 og hefur dregið úr vægi vinnunnar í lífinu. Það er ekki eingöngu yngra starfsfólk sem gerir auknar kröfur um frítíma heldur einnig eldra, í sumum tilfellum er munur milli ára meira afgerandi meðal eldri aldurshópa en þeirra yngri.

Þá eru frítími og aðstæður í einkalífi nú veigameiri þættir en fyrir áratug þegar kemur að því hvað skipti máli í starfsleit.

7. Starfsreglur styrkjanefndar VR – tillögur að breytingum

Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, formaður styrkjanefndar VR, lagði fyrir fundinn skjal til afgreiðslu: „Stefna VR í styrkjamálum tillögur að breytingum“.

Umræður.

Ragnar Þór lagði tillögurnar fram til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Stefna VR í styrkjamálum er þá sem hér segir, breytingar merktar með yfirstrikun það sem fellt er út og rauðu letri þar sem gerð er breyting eða viðbót:

Stefna VR í styrkjamálum

Markmið

VR sinnir samfélagslegri ábyrgð samkvæmt stefnu félagsins, enda er hlutverk stéttarfélaganna í eðli sínu samfélagslegt. Greiðsla styrkja er þó langt frá því að vera það atriði sem vegur þyngst í samfélagslegri ábyrgð í starfsemi VR þar sem hugsunin er sú

að hafa jákvæð áhrif á samfélagið, ekki bara er varðar kjaramál, heldur líka heilsufar, umhverfi, siðferði, mannréttindi, menningu, neytendamál og velferð samfélagsins í heild.

Einn hluti samfélagslegrar ábyrgðar VR er að veita árlega styrki félagasamtökum, skráðum hjá fyrirtækjaskrá RSK, sem vinna verkefni sem skilgreina má sem atriði er falli undir að vera vegna:

~~A. Líknarmála B. Menningarmála C. Fræðslumála~~

A. Líknarmála og B. Menningar- og Fræðslumála

Þetta er í samræmi við tilgang VR eins og hann er skilgreindur í 2. gr. laga félagsins. Markmið styrkveitinga VR í ofangreindum málaflokkum er því að styðja við þá starfsemi og verkefni sem eflir félagsmenn, bætur stöðu þeirra og er lyftistöng menningarmála í landinu. Starfsemi líknarfélaga má svo að mörgu leyti skilgreina sem störf og verkefni sem auðvelda fólki að hefja störf þrátt fyrir t.d. fötlun eða vegna endurkomu eftir veikindi eða slys. Það er svo óumdeilt að menntun og fræðsla er hagsmunamál allra aðila vinnumarkaðarins, félagsmanna og atvinnurekenda. Aukin menntun í atvinnulífínu eykur virkni þess og bætur lífsgæði félagsmanna.

Upphæðir

Heildarupphæð sem greidd er til styrkja skal árlega vera hluti af samþykktri fjárhagsáætlun VR fyrir viðkomandi tímabil. Til viðmiðunar skal upphæðin vera 1% af heildarfélagsgjöldum samkvæmt ársreikningi liðins árs.

Kappkosta skal að dreifa fjármagni sem úthlutað er til styrkja sem jafnast yfir árið svo áætlað fé sé ekki uppurið t.d. á miðju ári en auðvitað þarf að gera ráð fyrir að stór hluti upphæðarinnar fari út í desember vegna jólastyrkja. **Sé afgangur af því fjármagni sem ætlað er til styrkja við lok almanaksársins hefur stjórn heimild til að hækka jólastyrki sem því nemur.**

Stefnt skal að því að greiðslur til málaflokka séu í þessum hlutföllum:

~~A. Líknarmál—65% áætlaðrar styrkuppheðar B. Menningarmál—20% áætlaðrar styrkuppheðar C. Fræðslumál—15% áætlaðrar styrkuppheðar~~

60% skuli að jafnaði renna til líknarmála og 40% til menningar- og fræðslumála.

Telji nefndin ástæðu til, þá getur hún vísað málum til stjórnar VR til afgreiðslu (t.d. vegna ágreinings varðandi hlutföll styrkja til málaflokka).

Stjórnun

Stjórn VR skipar styrkjanefnd í upphafi hvers nýs starfsárs. Nefndin fjallar um styrkumsóknir sem eru hærri en kr. 250.þús.

Í styrkjanefnd eiga allt að sjö stjórnarmenn sæti og tveir til vara **og auk þess hefur nefndin starfsmann**. Styrkjanefnd skiptir með sér verkum og velur sér formann á fyrsta fundi. Fagstjóri markaðsmála á Þróunarsviði VR er starfsmaður nefndarinnar.

Styrkjanefnd fundar öllu jafna á tveggja mánaða fresti Umsækjendur fá upplýsingar um dagsetningu næsta fundar þar sem umsókn þeirra verði tekin til umfjöllunar og verður útfyllt styrkumsókn ásamt fylgigögnum að hafa borist a.m.k. sjö dögum fyrir fund. Það skilyrði er m.a. sett svo nefndarmenn hafi svigrúm til þess að kynna sér styrkumsóknir áður en ákvörðun er tekin á fundi. **Óski nefndarmenn eftir frekari upplýsingum frá styrktarbeiðanda, beina þeir slíkum óskum til formanns styrkjanefndar sem aflar þeirra fyrir hönd styrkjanefndar.**

Árlega kynnir styrkjanefnd stjórn VR skýrslu sína um styrkveitingar síðasta árs.

Styrkjanefnd skal við meðferð og mat á umsóknum ávallt viðhafa góða stjórnarsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð. **Gæta skal að hæfi þeirra sem sitja í styrkjanefnd við meðferð umsókna og sé um vanhæfi að ræða skal viðkomandi víkja af fundi á meðan umsókn er afgreidd.** Umsóknir skulu berast VR að frumkvæði umsóknaraðila og er því ekki auglýst sérstaklega eftir umsóknum en greinargóðar upplýsingar og umsóknareyðublöð skulu jafnan vera vel sýnileg á vef VR.

Skilyrði styrkveitingar

Styrkir VR skulu ávallt vera veittir til ákveðinna verkefna s.s. átaksverkefna en ekki til þess að greiða almennan rekstrarkostnað eins og launagreiðslur, húsnæðiskostnað eða opinber gjöld. Styrkjanefnd er einnig óheimilt að veita styrki til: trúarlegrar starfsemi, stjórnmalaflokka, reksturs ríkisstofnunar, verkefna sem þegar hafa verið framkvæmd eða til verkefna sem stofnað er til í hagnaðarskyni fyrir umsóknaraðila.

Þær umsóknir eru einar gildar sem uppfylla þessar kröfur og sem hafa meðfylgjandi nauðsynleg fylgigögn, sé þeirra krafist. Einnig er það skilyrði styrkveitingar að ársskýrsla liðins starfsárs viðkomandi umsóknaraðila sé aðgengileg á vef eða meðfylgjandi umsókn hafi viðkomandi haft starfsemi á undangengnu ári. Styrkjanefnd skal leitast við að styrkja fjölbreytt verkefni sem endurspeglar fjölbreytni samsetningar félagsmanna VR.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar eða endurtekna styrki.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:20